

Frá: Ásta at Icebike Adventures <asta@icebikeadventures.com>

Sent: mánudagur, 7. mars 2022 09:12

Til: Helga Björnsdóttir <helga.bjornsdottir@reykjavik.is>

Efni: Re: Styrkjaúthlutun menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs vegna 2021

Sæl Helga

Við erum búin að vera á fullu í vetur að gera Spor á Hólmsheiði. Ákváðum að halda áfram þó að við værum löngu farin að borga þetta allt úr eigin vasa. Sporið hefur verið gríðarlega vinsælt, það eru tæplega 4 þúsund manns sem fylgja okkur [á facebook](#) og miðað við fjölda bíla og fólks á sporinu giskum við á að frá 200-500 manns hafi nýtt sér Sporið þá daga sem veður hefur leyft. Við höfum troðið Spor uppfrá alla daga sem veður hefur leyft.

Mín spurning: Verkefnið gengur gríðarlega vel. Við erum mjög þakklát borginni fyrir að hafa stutt okkur til þessa. Við sóttum ekki um styrk síðast - en veðrið sveik okkur í fyrra og við sóttum ekki um aftur sem eftir á að hyggja voru mikil mistök hjá okkur. Ég á eftir að koma á þig lokaskýrslunni fyrir styrkinn fyrir 2021 - en verkefnið hefur blómstrað og hefði ekki mögulega getað gengið betur. Undirbúningstíminn kom sér vel og brautin er vel hönnuð.

Er einhver leið að fá styrk frá borginni fyrir þennan tíma sem er eftir í vetur til að troða sporið. Ég er ekki að tala um stórar fjárhæðir - 400 þúsund myndi koma okkur á réttan kjöl - geturðu bent mér í rétta átt?

Orðrétt frá notendum (inn á facebook.com/sporid)

Meiriháttar, og bara í bakgarði höfuðborgarinnar, takk fyrir mig

"Vá hvílík lífsgæði að hafa Sporið á Hólmsheiði"

Takk fyrir frábært framtak. Átti yndislega 5 kílómetra skíðagöngu í sól og blíðu áðan  á Hólmsheiði.

Alveg frábært útivistarsvæði. Takk kærlega fyrir okkur.

"Sporið er það besta sem hefur "komið fyrir" Reykjavík í vetur"

Bestu þakkir fyrir frábæra braut! Var með landvættum í gær í tómri sælu.

Þetta er geggjað! 1000 þakkir

Bestu kveðjur og takk fyrir hjálpina

Ásta Briem